

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald stofngjald holræsa stofngjald vatnsveitu byggingarleyfisgjöld og framkvæmdaleyfisgjöld í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Lóðarhafar og framkvæmdaaðilar í Djúpavogshreppi greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Gatnagerðargjald.
- B. Byggingarleyfisgjald.
- C. Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna bygginga og mannvirkja.
- D. Stofngjald vatnsveitu.
- E. Holræsagjald.
- F. Framkvæmdaleyfisgjöld.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar, þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum:

3.a: Einbýlishúsalóðir:

Kr. 2.000 pr. m² lóðar og kr. 2.000 pr. m² brúttógólfplatarmáls húss

3.b: Parhúsa- og raðhúsalóðir:

Kr. 2.000 pr. m² lóðar og kr. 2.000 pr. m² brúttógólfplatarmáls húss

3.c: Fjörbýlishúsalóðir:

Kr. 1.800 pr. m² lóðar og kr. 1.800 pr. m² brúttógólfplatarmáls húss

3.d: Atvinnu- og iðnaðarhúsalóðir:

Kr. 2.000 pr. m² lóðar

3.e: Verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðir og aðrar sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar:

Kr. 2.600 pr. m² lóðar og kr. 2.600 pr. m² brúttógólfplatarmáls húss

3.f: Hesthúsalóðir:

Kr. 1.000 pr. m² lóðar

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar sótt er um lóð skv. 3.a, 3.b, 3.c, eða 3.e hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt hámarksnýtingarhlutfalli lóðar samkvæmt viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttógólfplatarmál.

Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum á íbúðarhúsalóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3.a, 3.b eða 3.c, eftir því sem við á, en þó einungis á grundvelli gólfplatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.

3. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

- 1. Við úthlutun lóða, 20% af lóðarhluta gatnagerðargjalds.
- 2. Við útgáfu byggingarleyfis, þó eigi síðar en 8 mánuðum eftir að lóð er úthlutað, 30% af lóðarhluta gatnagerðargjalds og 50% af byggingarhluta gatnagerðargjalds.
- 3. Við útgáfu fokheldisvottorðs, 20% af lóðarhluta gatnagerðargjalds og 50% af byggingarhluta gatnagerðargjalds.
- 4. Innan eins árs frá útgáfu fokheldisvottorðs, 30% af lóðarhluta gatnagerðargjalds.

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalds, skv. tl. 1 hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrr en á greiðsludegi.

Sveitarstjórn getur frestað innheimtu gatnagerðargjalds, skv. 4. tl. hér að framan, um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi lóð verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fókelt.

4. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Tekjur sveitarfélagsins af byggingarleyfisgjöldum skv. 1. gr. skulu standa undir þeim kostnaði sem tilgreindur er í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir og telst leyfisskyld samkvæmt 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi, setning hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu er innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

TAFLA 1 – Byggingarleyfisgjöld.

		<i>Grunngjald kr.</i>	<i>m³-gjald</i>	<i>Athugasemdir</i>
1.1.	Byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	40.000	300	m ³ -gjald þó að lágmarki 90.000
1.2.	Íbúðarbyggingar utan þéttbýlis	40.000	300	m ³ -gjald þó að lágmarki 90.000
1.3	Byggingar á lóðum á iðnaðar- og athafnasvæðum	80.000	150	m ³ -gjald þó að lágmarki 130.000
1.4	Byggingar á lóðum á verslunar- og þjónustusvæðum	120.000	300	m ³ -gjald þó að lágmarki 180.000
1.5	Byggingar á stofnanalóðum	120.000	300	m ³ -gjald þó að lágmarki 180.000
1.6	Byggingar á lóðum fyrir frístundabyggð	10.000	100	m ³ -gjald þó að lágmarki 30.000
1.7	Útihús á lögbýlum	40.000	100	m ³ -gjald þó að lágmarki 20.000
1.8	Niðurrif húsa	15.000	0	
1.9	Óbreytt endurnýjun eldra byggingarleyfis	15.000	0	
1.10	Minni háttar leyfisskyldar framkvæmdir	8.000	0	

5. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

TAFLA 2 – Þjónustugjöld.

		<i>Gjald kr.</i>	<i>Athugasemdir</i>
2.1	Lóðarúthlutunargjald	30.000	Gjaldið er óendurkræft, þó úthlutun gangi til baka
2.2	Útgáfa stöðuleyfis, eftirlit og úttekt	15.000	
2.3	Fokheldisvottorð	15.000	
2.4	Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	20.000	

		<i>Gjald kr.</i>	<i>Athugasemdir</i>
2.5	Lokaúttekt	25.000	Á við um byggingar á svæðum fyrir verslun og þjónustu og á iðnaðar- og athafnasvæðum.
2.6	Lokaúttekt	20.000	Annað húsnæði en um getur í lið 2.5
2.7	Eignaskiptayfirlýsingar, yfirferð	10.000	
2.8	Vottorð vegna vínveitingaleyfa	15.000	
2.9	Endurskoðun aðaluppdráttar	20.000	
2.10	Skjalagerð vegna stofnunar lóða	8.000*	
2.11	Aukaúttekt byggingarfulltrúa	20.000	
2.12	Úttekt vegna útleigu húsnæðis	20.000	
2.13	Grenndarkynning	10.000	

* Þinglýsingarkostnaður vegna lóðarleigusamnings bætist við lið 10.

6. gr.

Stofngjald vatnsveitu.

Tekjum sveitarfélagsins af stofngjaldi vatnsveitu skv. 1. gr. skal varið til að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Djúpvogshrepps. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

TAFLA 3 - Stofngjald vatnsveitu.

		<i>Grunngjald kr.</i>	<i>m³-gjald</i>	<i>Athugasemdir</i>
3.1	Íbúðarhúsnæði, verslun, þjónusta og stofnanir	60.000	40	
3.2	Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	80.000	40	

7. gr.

Stofngjald holræsa.

Tekjum sveitarfélagsins af holræsagjaldi skv. 1. gr. skal varið til lagningar og viðhalds holræsa (fráveitna).

Stofngjald fráveitu (holræsa) skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitu í eigu Djúpvogshrepps. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

TAFLA 4 - Stofngjald holræsa.

		<i>Grunngjald</i>	<i>m³-gjald</i>	<i>Athugasemdir</i>
4.1	Íbúðarhúsnæði, verslun, þjónusta og stofnanir	60.000	40	
4.2	Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	80.000	40	

8. gr.

Framkvæmdaleyfisgjöld.

Innheimta skal framkvæmdaleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis og eftirlits og aðkeyptrar þjónustu.

Framkvæmdaleyfisgjald samkvæmt töflu 5 skal innheimt við útgáfu framkvæmdaleyfis. Heimilt er þó að fresta greiðslu hluta framkvæmdaleyfisgjalds um allt að eitt ár.

TAFLA 5 – Framkvæmdaleyfisgjald.

		<i>Gjald kr.</i>	<i>Athugasemdir</i>
5.1	Afgreiðslugjald framkvæmdaleyfis	3.000	
5.2	Framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda samkvæmt 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	100.000	
5.3	Framkvæmdaleyfi, aðrar leyfisskyldar framkvæmdir	50.000	
5.4	Eftirlitsgjald	10.000	Lágmarksgjald, en að öðru leyti tímagjald byggingarfulltrúa eða aðkeypt vinna annarra, samkvæmt reikningi

9. gr.

Upphæðir samkvæmt samþykkt þessari eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún var í desember 2012 (115,5 stig) og eru gjöld uppreiknuð með þeim breytingum á vísitölunni sem orðið hafa til þess mánaðar sem gjöld eru lögð á hverju sinni.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989. Framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna stöðuleyfa njóta þó ekki lögveðsréttar.

Séu gjöld ekki greidd á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga, samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald skv. 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum, miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Stofngjöld fráveitu og vatnsveitu skulu endurgreidd með sama hætti og gatnagerðargjald.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds og stofngjalda fráveitu og vatnsveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun lóðar eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða ef byggingarleyfi hefur verið afturkallað vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknarkostnaður eða framkvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sveitarfélagið endurgreiðir ekki kostnað við jarðvegsskipti á lóð sem skilað er, eða við niðurfellingu byggingarleyfis.

Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður (sökkklar) eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skulu tveir dómkvaddir matsmenn verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna mats greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Djúpvogshreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli matsins, að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

10. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjaldi en 3. gr. mælir fyrir um, ef sérstakar aðstæður eru sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfðar eða kostnaðarsamar.

11. gr.

Öll framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Holræsagjald byggir á ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt töflu 1 og þjónustugjöld samkvæmt töflu 2 byggja á IX. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010.

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa og grenndarkynninga byggja á skipulagslögum nr. 123/2010.

Hafi hluti gatnagerðargjalds af íbúðarlóð á Djúpavogi verið greiddur fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skal miða útreikning heildar gatnagerðargjalds af viðkomandi lóð, svo og gjald-daga við ákvæði samþykktar nr. 137 frá 30. janúar 2004.

Samþykkt þessi tekur gildi við birtingu og fellur þá úr gildi samþykkt nr. 137 frá 30. janúar 2004 um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald í Djúpavogshreppi.

Samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps 14. maí 2013.

Djúpavogi, 15. maí 2013.

Gauti Jóhannesson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. maí 2013